

AUGLÝSING um deiliskipulagsbreytingar í Reykjanesbæ.

Tjarnabraut 4.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar 7. september 2021 breytingu á deiliskipulagi Tjarnabrautar 4.

Breytingin felur í sér fjölgun íbúða úr 10-11 í 17 og bílastæðakrafa fer úr 1,8 í 1,6 stæði á íbúð. Breytingartillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Kirkjuvegur 8.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar 24. ágúst 2021 breytingu á deiliskipulagi Kirkjuvegar 8.

Breytingin felur í sér að lóðinni á Kirkjuvegi 8 er skipt í tvær lóðir með aðkomu frá Kirkjuvegi og Klapparstíg. Á lóðirnar koma húsin sem áður stóðu við Hafnargötu 22 og 24. Breytingartillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 20. september 2021.

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. október 2021